

# ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK SKIPULAGS- OG UMHVERFISRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**199. fundur** Skipulags- og umhverfisráðs Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn **4. ágúst 2011 kl. 17:00** í fundarsal sveitarfélagsins að Hvammstangabraut 5, Hvammstanga.

Dagskrá :

1. Erindi frá Sveitarstjóra Húnaþings vestra.
2. Bréf Landverndar.
3. Bréf Húsafriðunarnefndar.

Tekið á dagskrá:

4. Erindi frá Þorvaldi Böðvarssyni.
5. Erindi frá forstöðumanni tæknideildar.
6. Afgreiðsla byggingafulltrúa.

Afgreiðslur:

1. Sveitarstjóri f.h. byggðarráðs óskar eftir umsögn um vinnudrög að nýrri reglugerð um framkvæmdaleyfi. Ráðið gerir ekki athugasemdir við vinnudrögin.
2. Lagt fram til kynningar bréf Landverndar þar sem óskað er eftir því að sveitarfélagið greiði götu íbúa sem hafa áhuga á að sækja leiðbeinendanámskeið Vistverndar í verki 18 -20 ágúst nk. með fjárstuðningi að upphæð kr. 25.000,- Ráðið mælir með að sveitarfélagið styrki tvo til þrjá einstaklinga til þátttöku á námskeiðinu, umhverfisstjóra falið að fylgja málinu eftir.
3. Lagt fram til kynningar bréf Húsafriðunarnefndar þar sem skýrt er frá því að þann 15. júlí sl. samþykkti nefndin að friða íbúðarhúsið að Klömbrum í Vesturhópi.

**Tekið á dagskrá:**

4. Þorvaldur Böðvarsson kt. 251256-4549 sækir um leyfi til að einangra og klæða íbúðarhús sitt og bílskúr við Víkurveg 5 ( Hveravík) á Reykjatanga að utan með Serpo múrkerfi sbr. meðfylgjandi gögn. Ráðið samþykkir erindið.
5. Forstöðumaður tæknideildar f.h. Húnaþings vestra sækir um leyfi til að einangra og klæða suðurgafli (60m<sup>2</sup>) kennsluhúsnæðis Grunnskóla Húnaþings vestra, Laugarbakka með Serpo múrkerfi sbr. meðfylgjandi gögn. Ráðið samþykkir erindið.
6. Kynnt afgreiðsla byggingafulltrúa á niðurrifum á útihúsum í Gröf Víðidal mhl. 15 og Gröf 1 Víðidal mhl. 5, 6 og 7.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:15

Víglundur Gunnþórsson.(sign.),  
Guðjón Þórarinn Loftsson(sign.),  
Anna María Elíasdóttir(sign.),  
Björn Ingi Þorgrímsson(sign.),  
Erla B.Kristinsdóttir(sign.),  
Benjamín Kristinsson, byggingarfulltrúi(sign.),